

Stefna Norðupings

Tóbaksvarnir þjónustuheimila og þjónustustöðva fyrir fatlaða

Norðurþing fylgir stefnu heilbrigðisyfirvalda um tóbaksvarnir. Markmiðið er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks með því að vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksefna.

Reglur um tóbaksnotkun

1. gr.

Ákvæði þessara reglna taka til takmarkana á neyslu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir. Markmið þeirra er að tryggja að þeir sem ekki nota tóbak verði fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaks. Rafrettur lúta einnig stefnu Norðurþings í tóbaksvörnum.

2. gr.

Tóbaksnotkun er með öllu óheimil innandyra, í eða við anddyri heimilis eða þjónustustöðva. Þjónustuheimli Norðupings eru tóbakslaus heimili og íbúar mega ekki neyta tóbaks inni í sínum íbúðum eða herbergjum þegar svo ber undir en mælst er til þess að íbúar beri virðingu fyrir öðrum í sínu umhverfi og neyti tóbaks utandyra.

3. gr.

Telji þjónustuvegi eða starfsmaður að ákvæði þessara reglna séu brotin eða gengið á rétt viðkomandi getur hann beint kvörtunum til félagsmálastjóra í samræmi við lög sem gilda um heilbrigðisnefndir sveitarfélaga

4. gr.

Forstöðumanni heimila og þjónustumiðstöðva ber skylda til að kynna þessa stefnu fyrir íbúum, þjónustuvegum og starfsmönnum.

5. gr.

Starfsmaður Norðupings sem brýtur á rétti þjónustuvega fyrir reyklaust umhverfi getur fengið áminningu í starfi.

Reglur þessar öðlast gildi 1. nóvember 2018.

Samþykktar í fjölskylduráði þann 29. Október 2018 og samþykktar í sveitarstjórn 20.

Nóvember 2018